

## Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8. febrúar 2023 – vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna, Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðanna, Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B, birtist í Fréttablaðinu á morgunn fimmtudaginn 9. febrúar 2023. Tillagan er í kynningu frá 9. febrúar 2023 til og með 24. mars 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/spitalastigur-4-4b-6-og-6b>

### Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 19. janúar 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreita, vegna lóðanna nr. 4, 4B, 6 og 6B við Spítalastíg. Í breytingunni sem lögð er til felst að kvöð um umferð á lóð Spítalastígs 4 að Spítalastíg 4B verður felld út og þess í stað verður sett kvöð á allar lóðir um umferð að Spítalastíg 4B í framhaldi af umferðarkvöð á lóð 6. Byggingamagn á Spítalastíg 4 eykst sem nemur flatarmáli undirganga. Byggingarreitir fyrir Spítalastíg 4B og 6B verður færður um 3m til vesturs. Lóðamörkum milli 4B og 6B verður jafnframt breytt þannig að þau skipta byggingarreit í tvo jafna helminga. Lóðastærðir breytast eins og kemur fram í skilmálatöflu og gert er ráð fyrir tveim bílastæðum við austurgafli Spítalastígs 6B. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **9. febrúar 2023 til og með 24. mars 2023**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 24. mars 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)